

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag spildu úr Gegnishólparti lnr. 205691, endurskoðun.

Í endurskoðuðu deiliskipulagi felst að frístundahúsalóðir breytast í íbúðarhúsalóðir, auk þess sem gert er ráð fyrir lóð fyrir véla-/verkfærageymslu og lóð fyrir hesthús/þjálfunaraðstöðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. nóvember 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.